


Lífgeislur

Tímarit um lífsambönd við aðrar stjörnur

26. tbl. Júní 1980



Til þess að vilja rétt, þarf einnig að vita rétt, og það á talsvert
hærra stigi en nú gerist.

Helgi Pjeturss

Jarðstjarnan Plútó

Ysta reikistjarna sólhverfisins

(Sjá forsíðumynd)

Plútó var uppgötvaður árið 1930, eftir útreikningum, sem gerðir voru vegna truflana á göngu Úranusar og Neptúnusar og taldar voru stafa af þar til óþekktri reikistjörnu.

Meðalfjarlægð Plútós frá sólu er 5900 millj. km., eða 39 sinnum fjarlægð jarðar

Braut hans er mjög sporöskjulöguð. Í sólfirrið er hann í 7.375 millj. km fjarlægð, eða 49 sinnum fjarlægð jarðar frá sólu, en í sólnánd er hann aðeins 29 sinnum fjær sólu en jörðin, og gengur þá innan við braut Neptúnusar, í 20 ár af sinni löngu umferðarbraut um sólu.

Hann er 248 ár að ganga eina umferð um sólina og hann er talinn snúast um sjálfan sig einu sinni á 6 dögum og 9 klst.

Meðalhraði hans á braut um sólu er aðeins 4,7 km á klst., en til samanburðar má nefna, að jörðin fer með 29,8 km hraða á klst. á sinni braut. Stafar þessi mismunandi hraði af hinum mikla fjarlægðarmun þessara tveggja reikistjarna frá sólu, og þar af leiðandi hinum afar mismunandi aðdráttarhrifum hennar á hvorn hnöttinn fyrir sig.

Þvermál Plútós um miðbaug er talið vera 6500 km, en sú tala er þó enn mjög óviss.

Plútó er svo langt frá sólu, að frá henni gætir þar einskis hita. Helkuldi geimsins er þar allsráðandi. Líf í hvaða formi sem er mun því vera þar óhugsandi.

Sumir stjörnufræðingar láta sér detta í hug, að Plútó kunni upphaflega að hafa verið eitt af tunglum Neptúnusar, sem hafi sloppið út úr aðdráttarsviði hans, og þar með orðið reikistjarna, og sé hann því einstætt fyrirbæri innan sólhverfisins.

Myndin (á forsíðu) sýnir Plútó þar sem hann ber við stjörnskara vetrarbrautarinnar. Sólin, í neðri hluta myndarinnar til hægri, lítur út nánast eins og ein af bjartari stjörnum himinsins.

Plútó nýtur aðeins eins hundraðasta hluta þess sólarljóss, sem berst til jarðarinnar, en þó mun vera þar fullt eins bjart og þegar tungl er í fyllingu hjá okkur.

Inguar Agnarsson.

Myndin er fengin úr Astronomy eftir David Baker.

Erindi og greinar

STILLIÁHRIF Á VEGUM FYRIRBURÐA- FRÆÐINNAR

Meðal bóka „hins nýja tíma“, í sálfræði og draumafræði, er „Dream Telepathy“, eftir Krippner, Ullman og Vaughan (1974 — Leidd úr hlaði af próf. Gardner Murphy, einum af helztu mönnum ameríska sálarrannsóknafélagsins, A.S.P.R., sem nú er nýlátinn), og meðal efnis hennar er ýmislegt merkilegt frá árunum um 1950, þegar gyðingrnir við Maimonídes stofnunin í New York voru að byrja að fást við fjarhrifa-rannsóknir (Ullman er einn þeirra). „Ekki skorti fjarhrifadraumana á þeim árum“, segir Ullman, en svo lágt fóru þær rannsóknir þá, að sáralítið fréttist af þeim um víða veröld, enda mátti heita algert „bann“ við því við flesta háskóla þá, að minnast á slíka hlutí. En meðal þess sem þeir fundu, var einmitt þetta: Þegar þeir sem sálfræðingar fóru að gefa gaum að fjarhrifadraumum sjúklinga sinna eða skjólstæðinga, urðu þeir fyrir óvæntri reynslu. Sjúklingana fór að dreyma samkvæmt hugsunum og reynslu geðlæknanna sjálfra! Jafnvel leyndustu hugsanir þessara manna, sem höfðu verið þjálfaðir í því að geta sér til um leyndar hugsanir annarra, komu nú fram í draumum sjúklinganna. Eitt dæmið er svona: Dr. Geraldine Pederson-Krag, amerískur geðlæknir (kona) var með sjúkling, sem sagði henni þennan draum:

„Mig dreymdi að ég væri að fara með dóttur mína í matinn (á veitingahús). Hún át fyrir nærri sjö dollara virði, þó að máltíðin mín kostaði ekki nema tvo dollara. Mér ofbauð þessi græðgi, en sagði ekki neitt.“

Sjúklingurinn hafði ekki minnstu ástæður til að vita, hvað borið hafði við hjá frú Pererson-Krag kvöldið áður en hann dreymdi drauminn. En það var þetta:

„Ég var að fara ásamt börnum mínum á veitingahús og hitti þá annan sálfræðing, sem ég þekkti. Hann vildi fá að borga fyrir okkur öll. En ég krafðist þess að borga minn hlut, sem varð eitt-

hvað yfir sex dollara, en hlutur hans varð tveir dollarar. Ég var í slæmu skapi vegna ýmsra persónulegra tengsla, en gleymdi þessu fljótt.“ Stíllíáhrifin eru þarna auðsæ frá frú P.-Kr. til sjúklingsins.

Dr. Ullman sjálfur segir frá þessu dæmi: Kona kemur til hans sem sjúklingur og fer undireins að tala um fjarhrif, — taldi líklegt að þau ættu sér stað. Þau tala eitthvað lítillaga um þetta, en daginn eftir segir konan þessa tvo drauma: „Flaska var á borði, og í henni var blanda af áfengi og rjóma. Það var einskonar hvítt, froðukennt efni. Ég leit á miðann. Þar stóð: „Læknar sjóveiki (eða klígju)“. Ég ætlaði að súpa á þessu þegar ég færi að háttu.“ Hinn draumurinn var um það að hún ætti lítinn hlébarða, mjög hættulegan.

Ullman hafði reyndar nokkrum dögum áður verið á læknafundi þar sem sýnd var kvikmynd af ketti, sem gerður hafði verið að áfengissjúklingi í tilraunaskyni. Síðan kom að því að köttur sá fékk að sjá tvö ílát, annað fullt af mjólk, en í hinu var áfengi og mjólk blandað til helminga. Kötturinn var fljótur að renna á mjöðinn. — Kötturinn svaraði til „hlébarðans“ í síðari draumnum.

Ullman tók þarna eftir því, að hugur hans sjálfs — nýleg reynsla eða minningar um nýleg atvik, höfðu áhrif á drauma sjúklings hans — þó að þeir hefðu enga vitneskju fengið um slíkt eftir venjulegum leiðum. En það er ekki að sjá að hann, og þeir sem þá voru á líkri tilraunaleið, hafi dregið neinar sérstakar ályktanir af þessu, nema þá, að „halda bæri áfram rannsóknum“. En þetta er auðskilið ef það er skoðað í ljósi hins nýalska skilnings. Læknarnir voru virtir, vel megandi menn, og til þeirra er leitað sem kunnáttumanna. Þeir eru í áhrifastöðu, og verða þeir þannig *stillar* gagnvart sjúklingum sínum.

Til frekari staðfestingar þess, að það er staðan og mannvirðingin, sem gefur mönnum möguleika til að verða stillar, er draumur sem Ullman segir frá og hann dreymdi þegar hann var að fá réttindi sem sálfræðingur. Til þess að fá þau þurfti hann m. a. að gangast undir sálgreiningu hjá virðingamanni í þeirri grein. Ullman dreymdi nú að hann væri kominn til sérfræðings síns og gengi þar úr einu herbergi í annað og veitti nána athygli húsgögnum og húsakynnum, sem nú voru með öðru móti en hann átti að venjast. Síðan þykir honum hálf-ryðjast þarna inn þrír mikilsháttar menn, og hefjast miklar orðræður milli sálfræðingsins og þeirra, — og gramdist Ullman það í draumnum, að hinn skyldi eyða í þvarg tíma, sem hann átti sjálfur rétt á. Hálfum mánuði síðar var Ull-

man raunverulega í tíma hjá þessum sálfræðingi — og tók nú eftir að húsbúnaði hafði verið breytt, mjög til samræmis við það sem hann hafði séð í draumi sínum. En í miðri sálfræðistundinni kom reyndar upp „þvarg“ á líkan hátt og í draumnum, en nú var það í gegnum símann og við aðeins einn mann. — Þegar því var lokið, fóru fjarhrif að berast í tal milli þeirra — í fyrsta sinn — og varð það til þess að þeir rifjuðu upp draum Ullmans, og kom nú í ljós að sálfræðingurinn hafði einmitt ákveðið að breyta um húsbúnað hjá sér rétt áður en nemandann dreymdi drauminn. Þarna er sama sagan og áður: það er fyrst og fremst hinn hærra setti sem hefur áhrifin á hinn. Sálfræðingurinn var Ullman stillir, en ekki á hinn veginn, eins og varð þegar hann var sjálfur kominn í þá stöðu.

Enn eitt dæmi má nefna, og er það draumur sem einn af höfundum bókarinnar segir frá. Vaughan er Kaliforníumaður, og einn af eftirlætisríthöfundum hans er Þjóðverjinn Kurt Vonnegut, sem skrifað hefur hugarflugssögur. 11. marz 1970 sá Vaughan Vonnegut í sjónvarpi og tveim sólarhringum síðar dreymdi hann draum, þar sem honum þótti Vonnegut vera kominn. Hann tók sig til og skrifaði Vonnegut í fyrsta sinn bréf þar sem þetta stóð: „Þú varst í draumi sem mig dreymdi í morgun. Við vorum í húsi þar sem var fullt af börnum. Þú varst með ráðagerðir um að fara bráðlega í ferðalag. Svo minntistu á, að þú mundir fara til eyjar, sem hétu Jerome“. Vonnegut svaraði litlu síðar: „Ekki sem verst. Kvöldið áður en þú g dreymdi drauminn át ég á veitingahúsi með Jerome B. (en hann er barnabókahöfundur). Við vorum að tala um ferð, sem ég átti fyrir höndum til eyjar, sem nefnist England“.

Enn kemur hið sama fram: maðurinn í sjónvarpinu er „sterkari“ en áhorfandi þess, sem vegna sérstakrar aðdáunar á Vonnegut var mjög „opinn“ fyrir áhrifum frá honum, og stilltist svona nákvæmlega eftir honum þetta kvöld tveimur dögum eftir sjónvarpsdag-skrána.

Ég læt nú nægja þessi dæmi um stilliáhrif úr þessari bók þeirra Krippners, Vaughans og Ullmans, en þá er eftir að ræða það hvaða skilning þessir góðu menn hafa lagt í hinar athyglisverðu niðurstöður. Þar er því miður ekki um að ræða neinar verulegar framfarir. Eins og áður láta menn sér nægja að nefna slíkt sem þetta sem „athyglisvert dæmi um fjarhrif“. En þó hefur á síðustu tíu árum rutt sér til rúms hugtak, sem kemst öllu nær stilliáhrifum en áður. Það er það sem þeir kalla „samband tilraunamannsins við tilraunina“. Fyrirburðafraeðingum hafði lengi verið legið á hálsi

fyrir það, að þeir væru þess ekki megnugir að „endurtaka tilraunir sínar“. Þegar mjög ýtarlegar og vandaðar fjarhrifa-, gróðurauka- og plöntulíffræðilegar tilraunir höfðu verið gerðar af mönnum eins og Bernhard Grad, Cleve Backster og fleirum, um 1970, reyndu andstæðingar þessara mála nýja leið. Þeir gerðu sömu tilraunirnar og hinir höfðu lýst, og fengu nákvæmlega engan árangur(!). Þeir hældust mjög yfir þessu. En vegna þess að fjarhrifastefnan var alls staðar í uppgangi á þessum árum, hafði þetta ekki veruleg áhrif, önnur en þau að menn urðu samdóma um það, fyrirburðafraeðingar og aðrir, að *persónuleiki mannsins*, sem stjórnar tilraun (varðandi sambandsfyrirbæri) *hafi úrslitaáhrif á það hver árangurinn verður*. Þetta er spor í áttina, en þó ekki nægjanlegt. Stilliáhrif skilja menn aldrei til fulls fyrir en þeir vita (1) að hugur manns er kraftur sem nær frá einum til annars um lengri eða skemmri vegu. (2) að stilliáhrifin eru einkum frá hinum virkari til hins óvirkari. (3) að það er sambandið við draumgjafa, sem er aðalþáttur „fjarhrifanna“, og að stilliáhrifin eru aðeins aukaverkun, sem „gefur sambandið“ og mótar það að nokkru leyti. — Um svið draumgjafans, sambandið við aðra hnetti, vita hinir merku draumarannsóknamenn ekki. Og það er líklega tilgangslaust, að reyna að skýra það mál fyrir þeim fyrir en heimspeki Nýals í heild hefur náð að vekja nægilega mikla athygli. — Þegar ég hitti Vaughan í San Francisco árið 1974 töludum við margt, en ég fann það glöggt, hve vonlaust var að reyna að segja honum frá einstökum þáttum hinnar nýju heimspeki, eða skýra fyrir honum samhengið og sambandið í öllu hinu mikla máli, yfir kaffibolla á veitingahúsi. Það er heimspekin og heildarsýnin, sem Nýall hefur svo langt fram yfir allt annað, sem til er í þessum efnum hér á jörð. Látum okkur öll óska þess, að það verði sú heimspeki og höfundur hennar sem sigurinn vinnur á jörðu hér. Því að það er eina leiðin til þess að hnötturinn Jörð fái gegnt því stillishlutverki, sem honum ber, í lífsamfélagi alheimsins.

Þorsteinn Guðjónsson.

FJARSKYGGNI

Eitt af því sem upp hefur komið í fyrstu hjá sumum þeim sem hafa farið að hugleiða sambandsmálefni, var að láta sér detta í hug, að lífstarfsleiðslan (bioinduction) skýrði nálega allt. Vegna þess hvað hún var skýrt og afmarkað hugtak, datt mönnum í hug að á þann hátt mætti skýra alla sambandsreynslu, nefnilega, að jafnan yrði að vera til sýngjafi á þeim stað sem sýn næðist frá. Hafi verið nokkur hætta á því að slík einhæfni í skýringum færi að ráða á fyrstu stigum þeirrar hreyfingar sem kennd er við Nýalssinna, þá man ég vel hver þar tók af skarið. Það var Þorsteinn á Úlfstöðum. Hann taldi, og studdi það með dæmum, að fullkomnari meðvitund megnaði að vita þá hluti, sem ekki lægju opnir fyrir sjón og skoðun venjulegra manna. Ekki þarf heldur að efast um, hver var skilningur Helga Pjeturss á þessu efni — jafnvel þótt hann hefði mótað hugsunina um lífstarfsleiðslu. Þarf ekki annað en minna á það, hvornig hann talar um orðið „however“, sem miðill Williams Crookes gat komið með, meðan Crookes studdi fingri á það orð án þess að vita, hvert orðið var. (Hemingsþáttur fjarræna, Nýall s. 122).

Í bókinni Dream Telepathy (sem ég get einnig um í annarri grein) er getið um tilraun, sem gerð var með Arthur Young nokkurn. Var tölva eða eitthvert slíkt tæki látin velja af handahófi mynd úr miklum fjölda mynda, sem tilteknar höfðu verið og áður en nokkur vissi, hver valin var, hafði A. Y. lýst réttu myndinni, og henni einni. Síðan segja höfundar bókarinnar: „Þessi hæfileiki Youngs að geta lýst mynd sem enginn sá kemur okkur við Maimonides-stofnunina ekki á óvart — enda þótt það kynni að koma á óvart *einhverjum, sem hefði tekið það í sig*, að öll fjarhrif væru fólgin í „heilaútvarpi“ sem hliðstætt væri við rafgeislaútvarp“. Það er greinilegt, að þessir höfundar kannast við eitthvað, sem líkist íleiðslukenningu Helga Pjeturss, og eru henni mótfallnir, en hins vegar eru engar líkur til þess, að þeir hafi þekkt kenningu Nýals í heild, eftir þessum orðum að dæma.

En þetta dæmi, sem hér er tekið, mætti vera nokkur bending um það, hve vandasant muni vera að halda kenningu Nýals fram á réttan hátt. Og þó ekki allskostar, því að hin æðri meðvitund, sem slík dæmi bera svo líóslega vott um, er ævinlega til aðstoðar, þegar reynt er af heilum hug að styðja hið rétta.

Þorsteinn Guðjónsson.

ER ÖLL HUGSUN MYNDRÆN?

I.

Hugsun og orð.

Við hugsum með orðum, hvort sem við berum orðin fram upphátt eða hugsun í hljóði. Íslenskan er íslenskum mönnum tjáningarform hugsunar þeirra. Tungumálin eru tjáningarform hugsunar hvernar einstakrar þjóðar. Tungumálið bindur hugsunina ákveðnu formi, það er einskonar rím hugsunarinnar. Án orða væri öll hugsun erfið. Líklega væri ekki hægt að hugsa skipulega án orða. Vísindaleg eða heimspekileg hugsun gæti ekki þróast án orða.

Ég geri ráð fyrir að allar þjóðir allra mannkynja, sem komin eru á þroskaleið, hvar sem er í alheimi, noti orð og tungumál, ekki eingöngu til þess að hver einstaklingur geti tjáð öðrum einstaklingum hugsun sína, heldur ekki síður og jafnvel öllu fremur til að geta hugsað sjálfur skýrt og skipulega.

Jafnvel hjá mannkynjum, þar sem sambandshæfileiki er á miklu hærra stigi en hér hjá okkur, svo að einstaklingar geta hugsast á, er þó líklegast að tungumálið sé forsenda skýrrar hugsunar eigi að síður. Sá sem sendir öðrum einstaklingi hugsun sína hlýtur að senda hana í orðum, og móttakandinn hlýtur að nema hana í orðum. Ekki þarf hann endilega að nema sömu orðin og send voru, en hin aðsenda hugsun vekur honum hliðstæð orð og sömu merkingar. Einstaklingar geta því hugsast á, þótt þeir skilji ekki tungumál hvors annars, ef þessi sendi- og móttökuhæfileiki er fyrir hendi hjá báðum aðilum. Þótt t. d. sá sem sendir hugsun sína sé Rússi og hugsir á rússnesku getur Englendingur, sem aðeins skilur ensku, eigi að síður numið og skilið hina aðsendu hugsun, því hún breytist í ensku í huga hans.

Þannig mun þessu vera varið hjá miðlum. Flest miðilssambönd eiga sér stað við íbúa annarra stjarna (samkvæmt skilningi Nýals sinna). Þessi íbúi annarrar stjörnu sendir miðlinum hugsun sína. Ekki er að treysta því, að nákvæmlega sömu orð komi hér fram, sem send voru, en ef sambandið er gott, ætti hugsunin að koma fram nokkurnveginn óbrennuð, þótt með öðrum orðum sé.

Þess vegna getur jafnvel frumlífsmaður á öðrum hnetti, sem alls ekki talar neitt mál okkar jarðar, heldur aðeins eitthvert mál sinnar jarðar, komið fram hugsun sinni hér. Hún tekur aðeins á sig form þess tungumáls, sem hinn jarðneski miðill okkar notar.

Þetta, sem hér er sagt, gildir einkum, ef miðillinn veit af sér, ef hann eins og túlkar með orðum þær hugsanir, sem honum berast, en þó mun þetta einnig oft vera á þennan hátt, þótt miðilsvefn sé djúpur og algjör. Koma þar einnig til greina stilliáhrif frá fundarmönnum.

Þó má gera ráð fyrir, að sé miðillinn algjörlega hlutlaus og í algjörum dásvefni eigi sendandi hugsunarinnar auðveldara með að klæða hugsun sína í þann búning orða og máls, sem honum er eiginlegastur.

Getur miðillinn þá stundum talað tungumál, sem honum er annars að öllu ókunnugt, og það jafnvel svo rétt, að engin eru þar lýti á. Hefur þetta gerst hjá mörgum miðlum, og verið sannreynt af mönnum, sem þekkingu höfðu á því framandi tungumáli, er miðillinn talaði í dásvefni.

II.

Hugsun er myndræn.

En nú langar mig til að reyna að gera mér og öðrum nokkra grein fyrir því, á hvern hátt hugsun okkar og orð birtaast í eigin hugskoti okkar, hvort sem við hugsum, tölum sjálf, eða hlustum á aðra tala.

Við hugsum og við tölum það sem við hugsum. Þegar við hlustum á aðra tala, vekur það einnig hugsun okkar ekki síður. Við hugsum þá, að nokkru á sama veg og sá sem talar, þótt þar verði jafnframt nokkur frávik, því hugur okkar myndar sér eigin skoðanir og eigin álit, út frá því umræðuefni, sem við hlustum á.

Ég þykist hafa tekið eftir því að öll hugsun er myndræn, hvort sem ég hugsa sjálfur, les í bók, eða hlusta á aðra tala.

Ég hlusta t. d. á ferðasögu, og þessi ferðasaga verður í huga mér eins og einskona kvikmyndasýning. Allt sem er hlutlægt eða myndrænt í frásögninni, vekur í huga mér einskona myndir, sem bundnar eru minningatengslum. Í huga mér koma fram einskona minningamyndir, og hver myndin rekur aðra með leifturhraða. Ef sagan fjallar um ferðalag um slóðir sem mér eru kunnar, og nefnd eru nöfn og sagt er frá ýmsum staðháttum, rifjast hinar kunnur myndir upp. Myndasýningin í huga mér verður allskýr. Þó vil ég

taka fram, það sem raunar er óþarfi, að þessar myndir sem koma í hugann, verða aldrei eins skýrar, eins og ef ég raunverulega horfi á þá hluti sem um ræðir, heldur er hér um minningamyndir að ræða og stundum nýjar hug-myndir, ef um er að ræða efni eða frásögn af hlutum, sem eru mér framandi eða ókunnir.

Ég vil taka lítið dæmi. Sögumaður segir: „Ég ferðaðist meðfram Esjunni, kringum Hvalfjörð og upp í Borgarfjörð.“

Það tekur sögumanninn aðeins nokkrar sekúndur að segja þessi fáu orð. En um leið og ég hlusta á þau koma fram í huga mér leiftursnöggt, ýmsar kunnar myndir, því oft hef ég sjálfur farið þessa leið. Ég sé fyrir mér Esjuna, jafnvel frá nokkrum stöðum, sem ég helst man eftir. Er sögumaður nefnir Hvalfjörð koma upp í hugann myndir af landslagi kringum Hvalfjörð, svo sem útsýni frá Hvammsnesi inn fjörðinn, þar sem blasir við Þyrill, Hvalfell, Múlafjall, Botnsúlur og fleira í landslaginu. Og jafnframt þessum myndum, sem skjótast inn í hugann, vakna e. t. v. kenndir, sem eiga uppruna sinn í minningunni um einhverja sérstaka ferð kringum Hvalfjörð, einhverja ferð, sem skemmtilegar minningar eru tengdar við. Og er sögumaður nefnir Borgarfjörð brýst enn fram í hugann heil runa af myndum, sem tengdar eru því fagra héraði og ýmsar minningar, sem ég set í samband við eitthvert ferðalag mitt um þær slóðir.

Samtímis því, sem sögumaður segir fram þessa stuttu setningu, koma fram í huga mér óteljandi aðrar myndir en hér voru taldar, en tengdar sama efni, og vafalaust miklu fleiri, ef unnt væri að telja upp, þótt í löngu máli væri, og myndirnar eru jafnvel fleiri en svo að ég geri mér grein fyrir þeim öllum.

Ef sögumaður nefnir staði sem mér eru alveg ókunnir, og segir t. d.: „Ég ferðaðist um Kína“, þá koma upp í huga mér ýmsar myndir og eigin hug-myndir af því fjarlæga landi. Þá rifjast upp ýmislegt, sem ég hef heyrt eða lesið um Kína. Inn í hugann koma myndir af Kínamúrnum, eins og ég hef séð hann á myndum, af Kínverjum, með stóra, topplaga hatta á höfði. Ég sé fyrir mér stórar, alræktaðar sléttur, eins og ég hef ímyndað mér áður, að þær muni líta út. Ég sé fyrir mér í huganum stór fljót, sem renna eftir þessu slétta landi, og flæða stundum yfir bakka sína, og valda ómælanlegu tjóni og jafnvel hungri og mannfelli.

Slíkar myndir og miklu fleiri koma í hugann um leið og sögumaður ber fram þessa stuttu setningu um Kína.

Stundum er talað um hluti eða hugtök, sem eru ófniskennnd og

ómyndræn í sjálfu sér, eins og t. d. hreysti, göfgi, fegurð, góðleika. Geta slík hugtök tekið á sig myndrænan búning í huga okkar? Í fljótu bragði virðist það ólíklegt. En ef vel er að gáð, verður enn hið sama uppi á teningnum. Ég held mér enn við sögumann og læt hann segja: „Ég átti tal við mann, sem var hreystin upp-máluð, hann var göfugur og fagur, og góðmennskan lýsti af honum.“ Sögumaður segir þarna frá manni sem ég ekki þekki sjálfur, og hann getur um þessa ómyndrænu eiginleika hans. Þrátt fyrir það koma myndir upp í hugann. Fyrst skýtur upp í huga mér mynd af manni, sem ég þekki vel, manni sem er hraustlegur og heilbrigður að sjá, og einnig er hann fagur á að sjá eins og stytta af grískum guði. Hið sama verður uppi á teningnum í sambandi við hugtökin göfugur og góður. Í huga mér koma myndir manna, sem ég þekki að því að hafa þessa eiginleika. Og verði þær myndir ekki fyrstar til að koma fram, gætu eins komið upp í hugann myndir af Jesú, eins og ég hef séð þær fegurstar (t. d. Kristsmýnd Thorvaldsens).

Ég ætla ekki að taka fleiri ákveðin dæmi máli mínu til skýringar. Mér virðist sem allar hugsanir verði myndrænar með nokkrum hætti í huga mér, hvort sem þær eru vaktar með tali annars manns, sem ég hlusta á; með eigin lestri í blaði eða bók; eða ef ég tala sjálfur og er þannig skapandi eða vekjandi eigin hugsunar.

Þessi myndasýning í huga mér er auðvitað misjafnlega skýr. Hlusti ég á frásögn, og beiti við það allri athygli minni, verða þessar myndir skýrastar, og grópast beint í vitund mína. Það verður til þess, að minningin um frásögnina verður skýrari og ég man lengur, það sem um var rætt. En stundum hef ég ekki mikinn áhuga fyrir því sem ég hlusta á, ég hlusta eins og með öðru eyranu. Minningamyndirnar í huga mér verða þá óskýrari, þær marka þá ekki þau spor sem nauðsynleg eru til að geymast lengi. Frásögnin gleymist fljótt, að einhverju eða öllu leyti.

Það sem ég hér hef sagt og stílað upp á sjálfan mig, geri ég ráð fyrir að eigi við um hugsun allra manna. Allir menn hugsa á sama eða mjög hliðstæðan hátt.

Ef þetta er rétt hjá mér, sem ég tel engan vafa á, að hugsanir komi fram í hugann í einskonar myndrænu formi, væri þarna um rannsóknarefni fyrir sálfræðinga að ræða.

(Lesið upp á fundi í Stjórn-sambandsstöðinni).

Ingvar Agnarsson.

LÍTIL ATHUGUN — ÓLÍKLEG SPÁ

I.

Á opnu rits nokkurs, sem ég var að fletta, voru á blaðsíðu vinstra megin tvær mannamyndir, önnur ofar en hin neðar, og festi ég fyrst augu á þeirri efri. En um leið, og áður en ég hafði beint athygli minni að neðri myndinni, hafði hún valdið því, að mér kom í hug maður nokkur, sem ég lengi hafði þekkt. Manninn, sem myndin var af, þekkti ég hinsvegar ekkert og hafði aldrei heyrt hans getið. En þegar ég fór að lesa það, sem myndinni fylgdi, komst ég að því, að skyldleiki hafði verið á milli þessara manna, ekki ónáinn, og skildi ég þá, að um ættarsvip hefði þarna verið að ræða. En hversvegna skynjaði ég þann svip greinilegast, meðan ég í rauninni ekki hafði séð myndina til fulls eða einungis lauslega?

Í grein minni, „Er von til að úr rætist?“, sem birtist í 20. hefti „Lífgeisla“, tala ég um, að lauslegar nærskynjanir geti stundum orðð nokkurskonar undirleikur eða vaki fjarskynjana, og þykir mér nú sem hér hafi verið um eitthvað líkt að ræða. Og nú kemur mér í hug nokkuð, sem ég man ekki eftir að hafa haft orð á áður. Þó að trú manna á spádrauma sé allt annað en skilningur á eðli drauma, þá neita ég því ekki, að í draumi veitist stundum vitneskja um óorðna atburði og annað slíkt, og þykir mér nú sem þessi litla athugun mín geti brugðið þar á nokkru ljósi. Meðan ég horfði ekki beint á mannsmyndina neðri, heldur skynjaði hana aðeins lauslega neðanundir þeirri, sem ég horfði á, þá var sú skynjun mjög lík því, sem jafnan á sér stað í draumi. Draumsýnir festast yfirleitt mjög lauslega í vitund dreymandans, enda ekki skynjaður af honum sjálfum. Þær eru, eins og ég áður hefi tekið fram, tilorðnar líkt og þegar ósnortinn strengur tekur undir með öðrum streng sér ástæðum, sem snortinn var raunverulega. Og þessar lausskynjanir, sem þannig verða til og svo auðveldlega rangþýðast á ýmsa vegu, þykir mér nú sem gefið geti spávísinni rúm eða orðið henni sem undirleikur, eins og ég komst að orði um lausskynjanir þeirra Indriða Indriðasonar miðils og vitavarðarins, Óskars Aðalsteinssonar.

II.

Draumar og svefn heitir lítil bók, sem ég gaf út fyrir fimm árum, og lagði ég einhverntíma eftir það 10 eintök af henni inn á tvo bóksölustaði í Borgarnesi, 5 í hvorn stað. Eru mér nú endurkomin 8 eintök af þessum 10, og hafði þeim þannig fækkað um tvö. En ekki var hér þó þannig, að bæði þessi eintök hefðu selst. Annað hafði týnst, og þannig ekki nema eitt verið keypt í þessum aðalviðskiptastað heimahéraðs míns, og getur hver dregið af þessu þær ályktanir, sem honum þykja líklegastar. En nóttina eftir að endursending þessara bóka minna hafði borist mér, barst mér það í draumi, eða öllu heldur um leið og ég vaknaði af draumi, að sumt, sem ég hefi látið mér skiljast og fært í letur, muni einhverntíma frægt verða, og er ef til vill ástæða til að geta þess, að draumurinn, sem spá þessi fylgdi eftir, var um heppnun áhættufyrirtækis. Er hugsanlegt, að slíkt hafi greitt fyrir framkomu þessarar ólíklegu spár, sem svo ósamkvæm var reyndinni daginn fyrir. Og hvað er það nú, sem gefur mér hugrekki til að vera að segja frá þessu? Hugrekki til þess gefur mér fyrst það að vita mig hafa lengi reynt að styðja sannindi stærri en nokkur, sem borin hafa verið fram áður, og á ég þar við kenningar Helga Pjeturs um heimssamband lífsins. Hefir tómlæti og lítilsvirðing hins ríkjandi menntavalds gagnvart þeim kenningum aldrei megnað að gera mig ósjáandi á raunveruleik þeirra. Og um það, sem ég sjálfur hefi þar lagt til mála, gildir hið sama. Þrátt fyrir öll ólíkindi hefir þar ekki einungis verið um stuðningsviðleitni að ræða, heldur einnig nokkra v'ðbót og framhald. Má þar til nefna minningafræði mína og þann skilning á lífsþróuninni, sem svo mjög er á annan veg en hinn ríkjandi skilningur erfðafræðinga í því efni, og frétti ég nýlega, að vitringurinn Teilhard de Chardin hafi gert sér ljósan ófullkom leik þess skilnings. Það ætti sannarlega að fara að geta legið ljóst fyrir, að það er fyrst og fremst saga tegundanna, ættarminningar hverrar fyrir sig, sem erfðastofnanir bera með sér fá einni kynslóð til annarrar. Og þegar ég nú les yfir sumt, sem ég á mínum seinni árum hefi fært í letur og verða mætti efni í nýja bók, þá er þar enn um hið sama að ræða. Þar eru vissulega ýmsar þær athuganir skráðar, sem að gagni gætu orðið hverjum leitanda aukins og réttis skilnings.

Þorsteinn Jónsson á Úlfstöðum.

MANNLEGT LÍF GAGNVART ÁSÝND DAUÐANS

Erindi Arnórs Hannibalssonar, flutt á félagsfundi Nýalssinna, Álfrólsvegi 121, þ. 7. maí 1980.

Rabbí Búnjan frá Przysucha skýrði nemendum sínum eitt sinn frá því, að hann hefði ákveðið að rita bók um manninn allan. En síðan komst ég að þeirri niðurstöðu, — sagði hann, — að best væri að hætta við og láta bókina vera óskrifaða. Frá þessu segir Martin Buber í bók sinni *Milli manna* (Between Man and Man). Það er alltaf hætt við því, þegar spurt er um höfuðvandamál lífsins, að fátt verði um svör, og ef til vill best að íhuga þau í þögn, en segja ekkert upphátt, því að um leið og við reynum að ræða málin verður augljóst, að það sem hægt er að koma fyrir í takmarkaðri orðræðu manna, er einungis brot af því sem segja þarf, og þetta litla brot sem hægt er að segja er sjálft í brotum. Við sjáum allt sem í skuggsjá og óljósri mynd. Samt komast menn ekki hjá því að ræða vandamál mannlífsins, og hver kynslóð tekur þessi vandamál upp að nýju. Hvers vegna er ég hér? Til hvers er ég hér? Hvaða gildi hefur líf mitt, eða hvaða gildi getur það haft? Þetta eru spurningar sem menn hafa spurt sig frá ómuna tíð, og munu væntanlega halda áfram að spyrja sig meðan menn verða uppi. Þessar spurningar snúast um þrennt: Um orsök þess að menn eru til, um tilgang eða stefnu lífsins og um gildi eða innihald lífsins, það sem gerir lífið þess virði að lifa því.

Hvers vegna er frekar eitthvað en ekkert? Það er ósköp auðvelt að segja sem svo, þegar þessi spurning er borin upp: Við þurfum engar áhyggjur af því að hafa. Heimurinn er til og það þarf ekki nema opna augun til þess að sannfærast um að svo er, og það hefur ekkert upp á sig að vera að brjóta heilann um, hversvegna heimurinn er til. Það er einföld staðreynd að heimurinn er til, og það skiptir máli að marka afstöðu manna til heimsins, til náttúrunnar, til annarra manna, svara spurningum um það, hvernig beri að afla þekkingar á heiminum og nýta hana. Nógu erfitt sé að öðlast svör við slíkum spurningum, þótt ekki sé reynt að þvæla málið með því að spyrja um sjálfan tilverugrunn heimsins. Jafnvel þótt slíkur tilverugrunnur sé til, þá bæti það engu við gagnlega þekkingu okkar á heiminum að gera ráð fyrir honum, því að

Þekkingin fjallar um það sem hægt er að sannreyna, ekki um það sem menn gera ráð fyrir eða ímynda sér, með mismunandi haldbærum rökum. Þetta sjónarmið sem ég hef nú nefnt, hefur verið frekar vinsælt á okkar vísindaöld. Við þurfum samkvæmt þessari skoðun einungis að taka eftir hvert er (orsaka)sambengi hlutanna og þess sem gerist, og sú skrásetning gerir okkur kleift að öðlast tök á hlutunum, vald yfir þeim, gerir okkur kleift að hagnýta okkur þá í okkar þágu, gerir manninn að herra yfir náttúrunni með því að menn efla með sér tæknilega þekkingu. Slík þekking og hagnýting náttúrugæða stofnar til framleiðslu lífsins gæða, og annað þarf ekki að spyrja um.

Út frá slíkum forsendum er vel hægt að líta svo á, að lífsins gæði séu fólgin í því sem menn framleiða. Menn framleiða nýjar kynslóðir, framleiða það sem menn þurfa í sig og á, og menn framleiða hugmyndir og siðvenjur, félagslega samskiptahætti. Hver einstaklingur er liður í framleiðslunni, hann er framleiddur og stuðlar að því að framleitt sé. Ef menn láta sér þetta nægja, er óþarfi að velta vöngum yfir eðli og inntaki lífsins. Við látum það yfir okkur koma, sem koma vill, og um það er varla mikið meira að segja. Þessi sjónarhóll gerir það erfitt að gera grein fyrir hugtakinu einstaklingur, eða a. m. k. er ekki auðvelt að setja einstaklinginn í miðjuna á þessu kerfi. Það er kannski hægt að líta á einstaklinga sem vissar frumeiningar í kerfinu, en hlutverk hans er að vera partur af heildinni og að leika það hlutverk sem heildin fær honum í hendur. En ef við lítum svo á að einstaklingar séu til, þá er það e. t. v. þeirra hlutskipti að reyna að framleiða hver handa sér þau gæði, sem framleiðanleg eru, og þar sem maðurinn er fyrst og fremst líkami, og lífið er líf í líkama, þá er tilgangur lífsins að framleiða þetta líkamalíf, að fullnægja þeim þörfum, sem líkaminn hefur. „Maðurinn er það sem hann étur“, — sagði Feuerbach, og átti þá við að maðurinn væri ekki annað en náttúrulegt kerfi, skiljanlegt og skýranlegt út frá náttúruvísindum, t. d. efnafræði og eðlisfræði, eða þá út frá þeim eigindum sem hægt er að taka eftir með augum og eyrum. Nú hefur ekki staðið á því, að nefndar vísindagreinar hafa reynt að gera grein fyrir mannum, hver út frá sínum sjónarhóli, og við vitum t. d. heilmikið um líkamann sem efnaverksmiðju og eðlisfræðilegt kerfi. Sú þekking er góð og gild í sjálfri sér, en leiðir ekki mikið í ljós um eðli mannlífsins sem slíks, eða um tilgang þess. Það er rótgróið í okkar menningu að líta svo á að mannlífið hafi ákveðið gildi, að líf

hvers manns sé mikilvægt, ekki einungis fyrir hann sjálfan heldur og fyrir aðra. Ef við lítum svo á, að menn séu gagngert efnislegt náttúruþyrirbæri og jafnframt því partur af einhverri framleiðslu- vél sem hefur það eitt að markmiði að framleiða sem mest magn af sérhverri vörutegund, þá væri alveg réttlæt看legt að nota manns- lík sem hráefni til framleiðslu (t. d. í efnaframleiðslu eða í áburð) alveg á sama hátt og úrgangspappír er notaður til þess að fram- leiða góðan pappír. En samt er það eitthvað hið innra með okkur sem rís gegn þvílíku. Ef til vill er það fyrir kristin áhrif að við álitum að hver maður sé persóna, þ. e. ákveðinn heimur út af fyrir sig, og að líf hvers manns sé heilagt, þ. e. ófært að ráðskast með lifandi mannvörur sem væru þær dauðir hlutir. Og þá kem ég aftur að spurningunni um tilverugrunn heimsins. Til eru þeir sem segja að ef svo sé, að heiminn skorti allan tilverugrunn, þá sé hann óhjákvæmilega kaos, óskapnaður og glundroði og ekkert heildar- samhengi finnanlegt í honum né í mannlífínu, nema þá í besta falli eitthvert samhengi í einhverjum örlitlum tímabundnum pört- um, sem við menn finnum af okkar takmörkuðu sjónarhólum, en allt er það þá hverfult og afstætt. Þeir sem setta sig ekki við þetta, fagna því að fréttu, að orðið var í upphafi hjá guði og að orðið var guð — líf og ljós mannanna. Við getum þá fullyrt að það er ákveðin orsök fyrir því að það er frekar eitthvað til en ekkert, og jafnvel meira en það, við getum sagt að það er ekki aðeins ákveðin grundvallarsök til fyrir heiminum heldur og fyrir því að hann er í skynsamlegu samræmi eða samhengi, og að það er ein af gjöfum guðs til mannanna að geta gert sér grein fyrir þessu. Guð vildi að heimurinn yrði til og við menn erum hluti af sköpunarverki hans, og það er hlutverk okkar að vera meðskap- endur hans, þátttakendur í þeim heimi sem í grunni sínum er sam- ræmdur eða gæddur skynsamlegu skipulagi. En þá kemur það upp úr dúrnum að maðurinn er ekki náttúruvera eingöngu, og fyrir þá sök helzta, að honum er gefin skynsemi til að skilja þetta, og að sá skilningur gerir honum kleift að hafa eigin vilja og fara eigin leiðir, þjóna eigin markmiðum, og þau markmið eru eðli sínu samkvæmt takmörkuð, svo sem sjóndeildarhringur okkar í tíma og rúmi er ætíð takmarkaður. Og sundrunin heldur innreið sína og verður tilveruháttur mannsins, því að hver maður er með sínu lagi, en ef hver maður fyrir sig væri með sama lagi væri mann- lífið eitthvað allt annað en það er. Við spyrjum því um tengsl hvers manns við aðra, um tengslin milli mín og þín, milli mín og

hans, milli mín og okkar, um tengslin milli einstaklings og annarra, milli einstaklings og samfélags, um það hvert innihald þessi tengsl eiga að hafa. Meginhlutinn af öllum skáldskap og mannlegum fræðum fæst við lýsingar og skýringar á þessum tengslum. Hð æskilegasta form fyrir þessi tengsl hefur frá fornu fari og til okkar daga verið kallað ást eða kærleikur, og hefur Páll postuli ritað lofgjörð um hann í 13. kap. fyrra Korintubrúfs. Frá fornu fari hefur og verið álitid að kærleikurinn væri það hugarfar sem gerði mönnum kleift að iðka dyggðir, en dyggð er það sem dugar til þess að samræma tengsl einstaklingsins við aðra. Dyggð leiðir til samheldni, en ódyggð til sundrunar og nauðar. Friður og frelsi haldast í hendur. Um aldir iðkuðu menn dyggðir, og gengu fram í þeirri trú að það líf væri gott sem lifað væri í samræmi við vilja þess mikla anda sem í öllu er og allt hefur skapað, og þjáning hvers manns fékk uppbót í voninni um góða heimkomu.

En fyrr en varði varð mikil breyting á. Eftir vísindabyltingu og siðbót má nefna tvennt er gerðist samtímis: Fjöldaframleiðslu og tækni fleygði fram og stórborgir söguðu til sín fjölda fólks sem varð að hinum svokallaða grúa massa, eða að hinum sviplausa grúa, sem tók að sér tvö hlutverk: að vera vinnuafl og neytendur. Samtímis gerðist og það að einstaklingurinn, eða öllu heldur einkaeignarmaðurinn, var gerður að hornsteini ríkisins, og því svo fyrir komið að vilji hvers einstaklings átti að hafa áhrif á það sem heildin gerði, kosningar voru teknar upp, lýðræði. Hver maður var frjálst að því að skapa sér sitt líf eftir því sem honum var þóknanlegt, hver maður (ekki aðeins guð) var viðurkenndur sem skapandi vera, en hvernig átti hann að skapa og hvað? Og það læddist að mönnum sá hræðilegi grunur, að e. t. v. væri sá allsvaldandi skapari sem að baki öllu og í öllu bjó, væri í rauninni tómarúmið eitt, neind eða ótilvera. Hvað var ég áður en ég varð til? Ekkert. Hvað var heimurinn áður en hann varð til? Ekkert. Hið eina sem er og verður er það sem er ætíð og sífellt að verða, er að verða til, verður og hættir að vera til. Um aldir töldu menn að óttinn við tómarúmið (horror vacui) væri sú skelfilegasta skelfing sem hægt væri að hugsa sér. Og nú kom þessi skelfing yfir menn: Það sem er sífellt að verða kemur út úr tómarúminu og fer þangað aftur. Hinn grái grúi er dæmdur til að birtast út úr tómarúmi eilífðarinnar einungis til þess að hverfa þangað aftur. Af hverju og til hvers? Við getum ekki svarað því. Hið eina sem við vitum að þetta er allt fáránlegt, absúrd. Hvað snertir það

heiminn, að ég er til? Alls ekkert. Heimurinn er sá hinn sami, hvort sem ég hef verið ofan moldar eða ekki. Mig skiptir því litlu máli hvort heimurinn er eða er ekki. Hið eina sem skiptir mig máli er það, að ég er til. Ég veit af eigin reynslu að ég er og að ég er heimur út af fyrir sig. Það ríður því á fyrir mig að skapa þennan heim minn fyrir mig. Ég skapa mér þennan heim með því að vera til, með því að taka ákvarðanir um líf mitt frá degi til dags. Ég ákveð það sjálfur að ég vil lifa, og ég fylli þetta líf mitt, heim minn, inntaki með því sem ég geri. Enginn annar getur gert þetta fyrir mig. Ég verð að axla ábyrgðina á þessu sjálfur, bera ábyrgð á mínu lífi gagnvart sjálfum mér. Hið eina sem ég veit með vissu að gerist í þessu lífi er, að það tekur enda. En dauðinn er ekki aðeins endir míns lífs. Dauðinn er endalok og hrun heims míns. Heimur minn verður að engu í dauðanum. En hvaða gildi hefur þá þetta líf? Eru ekki einhverjar formúlur fyrir því? Gætu menn ekki t. d. stytta hver öðrum stundir, meðan beðið er eftir endalokunum? Nei, einnig það er torvelt, og af þeirri einföldu ástæðu, að hver sá sem tengir annan við sig (t. d. ástarböndum) ræðst þar með inn í líf hans, gerir líf hans að hluta af sínu lífi, gerir hann að hlut, að viðfangi, og beygir þann, sem hann elskar, undir sig, gerir hann sér háðan, sem hlýtur að enda með því að þau bönd breyta og að hvor aðili fyrir sig vilji heimta sitt frelsi á ný. Við erum dæmd til frelsis, dæmd til að standa á eigin fótum undir þeirri byrði sem það er að lifa, og hvert og eitt okkar verður að mæta endalokunum frammi fyrir ásýnd dauðans upp á eigin ábyrgð. Það fer eftir því hvernig lífinu var varið hvort sá sem frammi fyrir endalokunum stendur, getur með góðri samvisku sagt: Það var samt þess virði að standa í þessu. En aðrir geta ekki um þetta dæmt nema hver fyrir sig. Það skiptir máli fyrir mig að ég hafi náð því út úr lífinu, sem ég óskaði að ná fyrir mig. En vegna þess hversu allt er í heiminum hverfult er það með ótta-blöndnum kvíða sem við mætum hverjum nýjum degi: Mun mér nú miða eitthvað áfram ellegar aftur á bak? Og þótt menn leggi sig alla fram verða dagarnir hver öðrum líkir. Menn eyða kröftunum í það að láta hjól framleiðslunnar snúast, að leiða fram úr engu eitthvað sem er söluhæft á markaði eða sem vitað er að mólur og ryð fá (fljótt) grandað, í tilgangslaust argaþras, sem tómleikinn skín í gegnum. Kvíði, ótti og örvænting er því innihaldið í daglegum tilveruháttum manna, og böls þess mun seint batna.

Hvað er til ráða? Jú, það er hægt að hörfa á vit hefðarinnar

og setja guðdóminn aftur á sinn stað í stað tómsins. Og það er líka hægt að aðhyllast þá skoðun að hamingja hvers manns sé í því fólgin að stuðla að almannaeið. En hvað er almannaeið? Að draga úr fátækt og hungri, svo að hver maður hafi efni á að kaupa sér sjónvarpstæki og bíla sem hlaðast upp við verksmiðjuhlíð iðnaðarþjóðanna? Eða að kenna hverjum manni að setta sig við sinn hlut? Eða að stuðla að því að hver maður læri þá list sem er að lifa? Hún væri þá sjálfsagt í því fólgin að læra að njóta mannlegra samskipta, og til þess að svo megi verða þyrftu menn þá að læra að leysa úr árekstrum, skærum og sundrunu í einkalífi, og jafnframt stuðla að því að samlífið, þjóðlífið sem heild sé þannig upp sett að sem fæstir árekstrar verði þar, að hver maður geti notið frelsis án kúgunar, og að árekstrar verði leystir friðsamlega, án ofbeldis, eða m. ö. o. að setja hugsjón samræmis efst á hugsjónaskrána, baráttu gegn kaos og sundrunu.

En hvert er þá gildi mannlegs lífs? Hvert er eðli mannsins? Til að svara þessum spurningum þyrfti rithöfund sem gæti lýst fyrirbærinu maður í allri heild sinni og þar að auki skýrt það til hlítar. Frammi fyrir svo stórum spurningum getum við farið að eins og rabbíinn sem ég minntist á í upphafi máls míns, og hver okkar getur hugsað sitt. En við getum líka rætt málið, og séð hvaða sjónarmið koma fram og gáð svo að því, hvort við komumst að sameiginlegri niðurstöðu.

Arnór Hannibalsson

*(Erindi flutt í Sjörnusambands-
stöðinni 7/5 1980).*

UMRÆÐUR

að loknu erindi Arnórs Hannibalssonar.

Gunnar Hjörvar var fundarstjóri, og meðal þeirra sem til máls tóku, voru: Ingvar Agnarsson, Halldór Pjetursson, Pjetur Gíslason, Svava Jónsdóttir, Halldór Vigfússon, Þorsteinn Guðjónsson og Gunnar Hjörvar. — Því miður urðu mistök í sambandi við upp-töku umræðnanna, og því ekki hægt að rekja þær allar, en hér verður reynt að rekja nokkuð af því, sem náðist á bandið:

Pjetur Gíslason minntist á setningu þá, sem Helgi Pjeturss hefur eftir Plótín heimspekingi, sem uppi var á 3. öld e. Kr. og kallar merkilegustu setningu þeirrar aldar:

„Sérhver hlutur hefur í sér starfandi afl, sem er hans eftirmynd, svo að þegar hluturinn er, þá er einnig aflið, og þó að hluturinn sé kyrr í sama stað, þá geisist aflið út frá honum, sumt skemmra og sumt lengra.“ (Nýall 1. útg. bls. 489).

Einnig minnti Pjetur á kenningu Faradays um það, að hver efnisögn hafi áhrif á allan alheiminn, og á útfærslu Helga Pjeturss á þessari hugsun, þannig að viðleitni sérhverrar veru sé að breyta öðrum til samræmis við sig.

Þorsteinn Guðjónsson tók upp átta atriði úr ræðu Arnórs:

1. Þeirri skoðun Arnórs, að varla geti orðið um endanlegt svar að ræða við spurningunum um *a.* orsök þess að menn eru til *b.* tilgang og stefnu lífsins *c.* gildi lífsins — svaraði ÞG þannig, að unnt mætti verða að taka mikil framfaraskref í þessu efni, þó svo að menn kölluðu þau ekki endanlegt svar.

2. Um þann skilning M. Bubers, að vitundarlífið, meðvitundin, sé jafnan fólgin í samskiptum við aðra, sagði ÞG, að þetta samrýmdist vel skilningi Nýalssinna á stilliáhrifum og sambandi meðvitunda.

3. Um þá skoðun rabbíans Búnjans, að ef rita ætti um manninn sem heild, þá yrði jafnan ósagt það, sem segja þyrfti, að þögninni einni talaðist þar bezt, sagði ÞG, að þetta ylti raunar á því, hvort, og hve mikið vitað yrði um *hvað við tæki.*

4. Um spurningarnar um tilgang lífs einstaklingsins og tilgang heimsins sagði ÞG, að þær stæðu í beinu sambandi við þessa sömu spurningu, hvort lifað væri áfram.

5. Um þá stefnu að ganga framhá spurningunum um tilgang og

framhald og snúa sér eingöngu að því sem hagnýtt er, sagði PG, að stundum hefði það sem í minnsta lagi virtist hagnýtt í fyrstu, reynst hafa hina mestu þýðingu, þegar fram í sótti. Frá sjónarmiði Nýalssinna væru málefni um framhald lífsins og þekkingu í þá átt hið þarfasta og mikilvægasta viðfangsefni.

6. Um spurninguna um gildi eða þýðingu vitsins sagði PG, að oft mætti heyra á sumum mönnum, að þeir teldu ófarnað mannlífsins stafa af því að menn oftreystu mannlegu viti, að það hefði verið röng stefna þegar menn fóru, með endurreisnartímanum, að leita eftir þekkingu á náttúrunni og sjálfum sér. Við þessum mótbárum gegn vitinu væri raunar til haldgott svar af hendi þeirra, sem ekki teldu sig guðleysingja, en það væri þetta: að hafi guð áskapað mannum vit, þá væri rangt að neyta þess ekki. Sagðist PG vera viss um, að skilningur sem gengi í þessa átt, væri ráðandi hjá flestum þeim, sem kalla sig Nýalssinna.

7. PG spurði um afstöðu frummælanda gagnvart niðurstöðum fyrirburðafræðinnar um fjarhrif, hugsanaflutning og önnur slík fyrirbæri. Minnti hann á það, hve rannsóknir á þeim efnum hefðu stóraukizt á síðari árum, og taldi að bollaleggingar „tilvistarspekinga“ (Sartre og slíkra) um hinztu rök, byggðust mest á því að hirða ekki um þær staðreyndir.

8. Í framhaldi af þessu vék PG að því, hvað frummælandi hefði að segja um hugtakið sál, og þann möguleika að lifað væri áfram, og bað hann láta í ljós álit sitt á vitneskju frá framliðnum.

Næstur tók til máls Halldór Vigfússon og taldi, að frummælandi hefði lagt mikla áherzlu á hið hagnýta gildi. Halldór sagði að sér fyndist nú þurfa að líta til fleira en líkamans, hina líkamlegu þurfta, um það hvað hagnýtt væri. Tilgangurinn er líf. Þessu lífi er ætlað að fullkomnast, hvað sem hver segir.

Þá tók til máls Halldór Pjetursson. Hann gagnrýndi frummælanda fyrir að segja að þetta og hitt gæti aldrei gerzt, að aldrei gæti fengizt lausn á einhverjum efnum. „Ég er nú ekki nema 82 ára, en það hefur margt gerzt á því tímasteiði, verið farið til tunglsins t. d. og hefðu menn verið kallaðir vitlausir og ráðstafað eftir því, ef þeir hefðu haldið slíku fram í eina tíð. Menn hafa rannsakað fjarhrif, vegið og metið efnið í stjörnunum, og margt er það annað, sem áorkað hefur verið á einni mannsævi. — Um þá skoðun, að framleiðslan væri aðalatriðið, sagði Halldór Pjetursson að litlu væru menn bættari, ef slíkt yrði aðeins til að efla auðhringa og hergagnsmiði.

Um það að öllu væri lokið með lífinu hér, kvaðst Halldór aldrei hafa getað fengið sig til að hugsa svo lága hugsun. Við verðum að setja traust okkar á mannlega skynsemi eins og hún er. Nú tala menn um byggð á öðrum hnöttum. Að vísu eru menn stórir upp á sig, hér á landi og annarsstaðar, en ef menn þykjast vera orðnir svo stórir, að þeir geti útilokað, að líf sé nokkursstaðar til nema hér á jörð, þá bið ég guð að hjálpa okkur.

Það er deilt um, hvað gefi lífinu gildi, sagði Halldór, en er það ekki fyrir mestu að lífa í sem beztu samfélagi hver við annan? Allt bendir til þess, að allt líf sé hvað öðru tengt, að hvað eina hafi áhrif á allt annað. Hver veit nema vitsmunaverur lengra komnar í alheimi hafi meiri áhrif hér en flesta gunnar?

Gunnar Hjörvar tók næstur til máls: Minnzt var á hlutverk. Hlutverk sem hverjum er fengið, það tel ég vera lífið, sagði hann. Dauðinn er að hver reyni að breyta öðrum í sig. Líf mannlíkamans er í blóðinu mest, í blóðfrumum, í blóðkornunum — svo hafa miðlar að orði kveðið, sagði Gunnar.

Nú tók frummælandi, Arnór Hannibalsson að nýju til máls. Taldi hann að það sem flestum, sem spurðu, hefði orðið tilrætt um, væri spurningin um gildi. Sú spurning væri vissulega ein hin erfiðasta sem til væri, og varla til við henni einhlítt svar. En hann tók undir þau orð Halldórs Pjeturssonar, að gott samkomulag við aðra væri eitt það, sem bezt gæfi lífinu gildi. Kvaðst hann vilja vona, að mannkynið mætti vænta framfara í því efni. Páll postuli talar um friðinn, og kínverskt spakmæli segir: ef friður er í sálinni, þá er friður í fjölskyldunni og friður í fjölskyldunni þýðir frið í ríkinu. Dauðinn væri eins og fundarstjóri hefði réttilega bent á í því fólginu að vilja breyta öðrum í sig. „Ég skil annan mann, að svo miklu leyti sem hann líkist mér“, hafði Arnór eftir Sartre. Og síðan sagði hann: Dómsdagur verður þegar heimur springur, fyrir þá sök að menn geta ekki leyst þetta vandamál, að skilja hverjir aðra. ÞG minntist hér á undan á framhald lífsins, hvort það gæfi ekki lífinu aukið gildi að ætla því framhald, sagði Arnór.

ÞG kvaðst nú fremur vilja beina athyglinni að þeim athugunum og staðreyndum, sem styddu það, að framlíf ætti sér stað í raun og veru, heldur en hinu hvað af því leiddi síðan.

Ég hef fylgzt töluvert með slíkum rannsóknum, sagði Arnór, og geta má þess, að hér verður haldið alþjóðáþing dulsálarfræðinga (fyrirburðafraeðinga) í sumar. Þessar rannsóknir eru nú orðnar um

það bil 100 ára, en gallinn er sá, að líklega verður aldrei hægt að sanna viðfangsefni trúarinnar með aðferðum náttúruvísindanna.

PG spurði: Hvernig lítur þú þá á hina einföldustu frumbætti slíkra rannsókna, eins og t. d. fjarhrif? Arnór sagðist viðurkenna fjarhrif, og kvað býsna mikla breytingu hafa orðið á afstöðunni til þeirra hluta á síðari árum. PG. inntí nánar eftir því hvort frummælandi væri sannfærður um, að slík fyrirbæri ættu sér stað, og kvað hann já við því. Enda væru nú margir farnir að leita í þessum efnum og spyrja hvort tilveran ætti sér ekki einhvern þann grunn, sem menn hefði aldrei áður dreymt um. Skrásetningaraðferðin er aðferð náttúruvísinda, sagði Arnór, og ógrynni dæma um fjarhrif og slík fyrirbrigði hefur verið skráður.

PG sagði að hér á landi hefði lifað heimspekingur, sem slíku hefði haldið fram, sett fyrirbæri af þessu tagi í samband við náttúrufræði. Væri nú ekki kominn tími til að nafn hans yfði nefnt, þegar mál eins og þessi væru rædd?

Frummælandi taldi fráleitt að hafna heimspekingi fyrir það, að hann hefði litið öðru vísi á málin en samtíð hans.

Næstur tók til máls Ingvar Agnarsson. Var ekki kveikjan að flestu því, sem markverðast hefur orðið í vísindum og þekkingu, að einhverjir sem voru á undan samtíð sinni komust að niðurstöðu, sem ekki þótti mark á takandi í fyrstu, en síðar hlutu viðurkenningu? Var ekki byrjunin löngum hjá þeim, sem báru slíkt djarflega fram þótt eitthvað vantaði á fullar sönnur eða nægilegan stuðning?

Arnór tók mjög vel undir þetta, og minnti á dæmi Brúnós og Galíleós, og var hinn fyrri brenndur á báli en hinn síðari auðmýktur og kúgaður. Einnig mætti nefna Kópernikus í því sambandi, sem komst reyndar hjá ofsóknum með því að sjá svo til að bók sín yrði ekki gefin út fyrr en um það bil sem ævi hans var á enda. Og þessi saga hefur sífellt endurtekið sig, sagði Arnór.

Hér þraut segulbandið og er því ekki hægt að rekja lengra, en svo þótti fundarmönnum sem umræður yrðu því markvissari og fjörugari sem lengra leið, og þegar fundinum sleit um kl. 24,20, þótti flestum það ofsnemmt. En meðal þess sem sérstaklega þótti minnisvert var, að frummælandi dr. Arnór Hannibalsson, kvaðst aðspurður vilja beita sér fyrir því, að heimspeki Helga Pjeturss yrði tekin upp til umræðu á háskólavettvangi.

P. G. ritaði upp og dró saman.

EFTIRMÁLI

Arnór Hannibalsson er lektor í heimspeki við Háskóla Íslands og kennir þar meðal annars trúarbragðaheimspeki. Hann er sonur hjónanna Hannibals Valdimarssonar og Sólveigar Ólafsdóttur. Hann hefur stundað nám í Rússlandi, Póllandi og í Skotlandi (Edinborg) og doktorsnafnbót ávann hann sér með ritgerð um pólska heimspekinginn Roman Ingarden. Hann hefur veitt athygli hinum vaxandi áhrifum fyrirburðafræðinnar (parapsychology, dul-sálarfræði) á menningarlífið hin síðari ár, og tekur þátt í því að undirbúa alþjóðaráðstefnu um þau fræði, sem fyrirhugað er að halda í Reykjavík í ágúst n. k.

Erindi Arnórs: *Mannlegt líf gagnvart ásýnd dauðans*, sem hann flutti á fundi félagsins þ. 7. maí 1980, veitti Nýalssinum kærkomið tækifæri til að bera saman sinn skilning og sína afstöðu við þær stefnur og strauma, sem nú eru ofarlega á baugi í heimspekilegum fræðum. Vil ég fyrir hönd Nýalssinna tjá honum þakkir fyrir þetta erindi, enda veit ég, að hann vandaði til þess og varði þar til tíma sínum — allt án endurgjalds. Það var samdóma álit dr. Arnórs og tilheyrenda hans, að umræður þessar hefðu orðið báðum til ánægju, og lofar það góðu um að nokkuð fleira megi leiða af þeirri byrjun sem orðin er.

P. G.

SORGARMERKI DÝRANNA

(Hafa mennirnir tapað ýmsum eigindum, sem koma skýrt fram hjá dýrum?)

Erlendína tengdamóðir mín var mikill dýravinur. Það mátti segja, að allar skepnur hændust að henni og vildu vera í návisti hennar.

Erlendína andaðist árið 1919. Þegar fara átti að kistuleggja, fékkst ekki köttur, sem hún átti, með nokkru móti út úr herberginu. Hann hafði legið til fóta í rúminu hjá líkinu og fékkst ekki með góðu til að hreyfa sig þaðan. Kisa var þó tekin og látin út fyrir dyrnar, en þá tók ekki betra við. Hún hamaðist á hurðinni, mjálm-aði og klóraði, svo fólkinu gekkst hugur við og hleypti henni inn. Á eftir var sóttur koddur og settur á kistulokið. Þarna lagðist kisa og lét hausinn hanga líkt og hún væri dauðvona. Hún bar sorgina þannig utan á sér, að ekki varð um villst.

Líkið stóð uppi í viku og kisa lá alltaf á kistulokinu, ég man ekki hvort hún dreypti í mjólk, ef dallinum var haldið að henni.

Þegar farið var með kistuna til jarðarfararinnar, vildi kisa fara með, en þá var hún tekin og lokuð inni. Ég iðraðist þess á eftir að lofa henni ekki að fara.

Eftir þetta var eins og kisa tapaði öllu eðli sínu, hún hætti að veiða og aldrei heyrðist hún mala þó vel væri látið að henni. Annað hvort var hún eins og utan við sig eða öflug og tyrtuleg.

Líka sögu er að segja af hundi, sem var á heimilinu og mjög hændur að Erlendínu. Hann vildi heldur ekki fara út úr herberginu, þegar fara átti að kistuleggja, en var drifinn fram fyrir dyrnar. Hann hafði sig ekkert í frammi, en bar sig mjög illa. Stundum sáust tár renna niður trýnið á honum. Honum var ekki hleypt aftur inn í herbergið, en framan við dyrnar var ofurlítill forstofa og þangað var settur poki, sem hann fékk að liggja á. Hann vildi helst ekki hreyfa sig þaðan, en var í eðli sínu þægur, svo hann fór með okkur, ef kallað var á hann. En strax og hann hafði lokið hlutverki sínu, fór hann á sama stað.

Eftir jarðarförina komu þarna fyrir einkennileg atvik, sem aldrei fékkst skýring á.

Erlendína hafði átt búrhníf góðan og hárbeittan. Hnífur þessi hvarf tveim dögum eftir jarðarförina og var leitað árangurslaust. Svo líða einir 2 dagar, þá finn ég hnífinn á holti skammt frá bænum. Ekkert sá á hnífnum en enginn skildi, hvernig hann hefði þangað komist. Ekki liðu margir dagar þar til hann hvarf aftur, fannst skömmu síðar á svonefndu Móholti suður af bænum, og var það lengra frá en í fyrra skiptið. Í fyrra skiptið fannst hann norður af bænum. Samt var ekki öll nótt úti enn, hnífurinn hvarf í þriðja sinn og sást aldrei síðan.

Krstjáni datt í hug, að hundurinn eða kötturinn hefði staðið að þessu, en fann enga líklega skýringu í því efni. Á þessu hefur heldur engin skýring fengist til þessa dags.

*Halldór Pjetursson skráði eftir
Krstjáni Helgasyni frá Hóli í
Hörðadalshreppi.*

UNDRAVERT LÖGMÁL

Undravert er þetta lífslögmál. Hamskiptin og flutningurinn frá einni jörð til annarrar, sem stendur djúpt í tilverunni svo ekkert lögmál stendur raunverulega dýpra.

Hver einstaklingur er gæddur ódauðlegri sál. Þannig er ekki hægt að útrýma honum, hvernig sem reynt væri til þess. Kraftur hvers eins er ævarandi og hæfileikinn til endurlíkömunar er lögmálsbundinn, svo hver einn hlýtur að endurlíkamast á einhverjum öðrum hnetti.

Þannig er hver einn einstaklingur óendanlega dýrmætur þáttur tilverunnar. Því betur sem ég hugsa þetta og skil þetta, því meir undrast ég lögmál lífsins.

Þegar að því er gætt, að hver einstaklingur virðist vansæll og lítilsvirði í fyrstu, er það víst, að hans bíður í framtíðinni sífellt stærra og stærra, merkilegra og merkilegra hlutverk, sem þáttur í guðlegri tilveru stjarngeimsins.

*Gunnar Hjörvar tók upp á
miðilsfundi, þann 7. júlí 1980.
Miðill: Sveinn Haraldsson.*

RÁÐAGERÐ HUGSÝKINNAR

Ef jeg vissi, að annað líf
ekki neitt til væri,
mundi' eg heimsins kveðja kíf
og kyrkja mig í snæri!

En jeg hygg að annað líf
endurgjaldið færi;
Því skal heimsins þola kíf
þó mig nokkuð særi.

Ef jeg heim í annað líf,
ótilkvaddur færi,
þá, ef til vill, þyngra kíf
þar mjer búið væri.

*Brynjúlfrur Jónsson frá Minna-Núpi
Kvæði 1889.*

Draumar

Hin miklu tré — Draumur

I.

Mér þótti ég vera staddur í ókunnu landi. Hugðist ég dvelja þarna í fáeina daga og hafði ég hug á, að kynnast ýmsu merkilegu, sem ég hafði heyrt, að þarna væri að sjá.

Ég þóttist hafa heyrt um mikil skógartré og athyglisverð. Fékk ég fylgdarmann með mér, til að sýna mér þau.

Þykir mér nú, að ég sé kominn að þessum merkilega skógi, og virði ég hann fyrir mér úr nálægð. Undraðist ég mjög, það sem þarna bar fyrir augu.

Trjábólirnir voru ákaflega sverir, svo nema mundi 10 til 20 metrum í þvermál, en hæðin svo mikil, að ekki sá ég upp yfir, enda reyndi ég (eða draumgjafi minn) ekki til þess að sjá efstu toppa trjánna. Þó mun ég hafa litið svo sem 100 m upp eftir þeim.

Eitt hið eftirtektarverðasta við skóg þennan var það, að ekkert bil var á milli trjánna. Þau stóðu alveg þétt saman, þarna í skógarjadrinum, og svo þótti mér vera um allan skóginn, og þóttist ég vita að hann væri mikill að víðáttu.

Ég virti skógartrén fyrir mér með athygli. Börkur þeirra var fagur á að sjá, og litir trjánna voru margvíslegir, og báru vott um, að hér var um margar tegundir trjáa að ræða. Voru sumir stofnarnir bláleitir en aðrir brúnir, gulir og rauðleitir. Börkur þeirra flestra var mjög sléttur áferðar og fagur á að sjá eða líkt og er á hlyn t. d., sem er stórt tré og eitt af fegurstu lauftrjám sem getur að líta í löndum Evrópu, svo beinvaxin og með hvítan, sléttan börk á stofni. En engan samanburð þola þau, hvað stærðina snertir, við hin miklu skógartré sem ég var að skoða í draumnum.

Ég minntist á, að ekkert bil hefði verið á milli þessara trjáa. Og það var ekki nóg með, að bil væru engin á milli þeirra, heldur var þéttleiki þeirra jafnvel svo mikill, að þau uxu að nokkru hvert utan um annað og hvert inn í annað, a. m. k. neðan til, upp í talsverða hæð. Leiðsögumaður minn sagði mér, að langt inni í þessum skógi byggju menn. Þeir gerðu sér lítil hús hátt uppi í trjánum. Væri þarna friðsælt og fagurt og sæktust margir eftir að dvelja þarna um tíma. Unnt væri að komast þangað með litlum

farartækjum, sem gengju eftir einskonar vegum eða brautum sem lagðar hefðu verið efst í trjánum, þar sem þau væru mjórri og því nokkurt bil á milli þeirra.

Heillaður horfði ég á trén, sem framundan mér voru og hlustaði á það sem leiðsögumaður minn sagði mér um þennan merkilega skóg, þótt ekki muni ég nú annað en það, sem þegar hefur verið sagt.

Skiptir nú um svið. Og hafa trúlega orðið draumgjafaskipti, þótt ekki yrðu svefnrof eða draumrof. Er ég nú á ferð eftir götu í borg. Þar eru hús og fólk er á ferð. Ein kona, sem gengur á undan mér, vekur athygli mína vegna sérkennilegs vaxtarlags. Hún er ákaflega sver um mjaðmir, og er líkt og standi einskonar kúlur eða stórir hnúðar, sinn út úr hvorri mjöðm. Mun ég ekki hafa séð slíkt vaxtarlag fyrr á neinum manni.

Mér þótti ég vera á leið til farartækis, sem ætti að flytja mig og marga fleiri til fjalla, sem hétu *Esjufjöll*, og hlakkaði ég til að fara þessa ferð. Ég þóttist spyrja mann, sem gekk við hlið mér, á þessa leið:

„Eru þessi fjöll eitthvað lík Alþafjöllunum að útliti?“

Mér þótti hann svara: „Já, það má líkja þeim saman. En Esjufjöll eru samt miklu hærrí og fegurri.“

Nú fórum við upp í stóran almenningsvagn og var ekið af stað. En nú var draumurinn á enda og vaknaði ég.

II.

Einu atriði þessa draums, sem ég hygg að gæti hafa komið úr vökuvitund minni, eru orðin Esjufjöll og Alþafjöll, og gæti þar verið um rangþýðingu að ræða, eins og algengt er í draumum.

Þess má geta, að draumurinn mun hér hafa verið farinn að óskýrast, því ekki man ég glögg, hvað fyrir augu bar í þeim þætti draumsins, er þessi orð komu í hugann eða voru töluð.

Ekki þyrfti þó endilega að vera hér um rangþýðingu að ræða, því hugsanlegt væri, að lík staðarnöfn séu til á öðrum hnetti. En ég tel alveg víst að draum þennan sé að rekja til sambands við draumgjafa á öðrum hnetti. Á það einkum við um fyrri hluta draumsins, þar sem hin stórkostlegu skógartré voru aðaluppistaðan í draumsýninni. Því slík tré munu alls ekki vera til hér á jörðu, hvorki að því er snertir stærð og útlit eða hve þétt þau uxu saman.

Ingvar Agnarsson.

(Dreymt 26. janúar 1979 .

Svarta herskipið og hinir þjóðhollu. — Draumur

I.

Mig dreymdi, að ég stóð á einhverju hálendi og horfði yfir land og haf. Bjart var yfir öllu og sá ég víða vegu. Tvö fjöll gengu út í hafið og var fjörður milli þeirra. Ég stóð svo hátt, að ég sá hafsbrún yfir bæði þessi fjöll.

Sá ég nú hvar skip kom og stefndi til hægri frá mér að sjá. Var þetta gríðarstórt, svart skip og þótti mér það vera herskip með miklum fjölda hermanna. Þótti mér þetta lið vera sent frá óvinveittu herveldi, og ættu þeir að leggja land mitt undir sig.

Ég sá mikinn mannfjölda í hópum hér og þar á því landsvæði, sem ég hafði fyrir augum. Þótti mér nú verða uppi fótur og fit, er sást til ferða þessa mikla herskips. Vissi ég að margir vildu styðja innrásarliðið, en aðrir vildu verjast. Tóku menn nú að skipta sér, eftir því hverja þeir vildu styðja. Sá ég, að margir hlupu beint til strandar. Það voru þeir, er fögnuðu komu innrásarhersins, en aðrir stefndu til fjalls, einmitt þangað, sem ég var staddur. Það voru þeir er vildu verja landið. Ég tók ákveðna afstöðu með þeim, sem vildu verjast. Þótti mér, að tvísýn barátta væri framundan, einkanlega vegna þess, hve margir landar mínir mundu styðja innrásarherinn.


II.

Ekki kom fram í draumnum, hvaða land var hér um að ræða, né frá hvaða landi herskipið hafði verið sent. Ég þóttist aðeins vita, að löng og erfið barátta væri framundan, og ég var mjög ákveðinn í því, að leggja mig allan fram í þeirri baráttu.

Líklegt þykir mér, að draumurinn stafi frá einhverju landi þar sem hættu- eða styrjaldarástand vofir yfir. Gæti þetta land verið einhvers staðar hér á jörð, og þó e. t. v. frekar á einhverjum öðrum hnetti.

Ég geri ráð fyrir, að ákveðin stilliáhrif komi einnig hér við sögu, og því hafi samband orðið við draumgjafa, þar sem einmitt hagar svo til, sem frá var sagt hér að framan.

Í útvarpi og í sjónvarpi hefur undanfarna daga verið allýtarlega skýrt frá hernámi Íslands hinn 10. maí fyrir 40 árum, er Bretar stigu hér á land í heimsstyrjöldinni síðari. Hlustað hefur verið á þessar frásagnir um allt land með miklum áhuga, enda minnst margir þessa dags.



Annað, sem e. t. v. hefur þó enn frekar haft áhrif á draum minn, var erindi „Um daginn og veginn“, sem flutt var kvöldið áður í útvarpinu. Flutningsmaður var Halldór Blöndal alþingismaður, og ræddi þar mjög um hernám Breta, og hversu Íslendingum hafi verið það mikið lán, því annars hefði Ísland trúlega lent undir járnhæl nasistanna þýsku.

Ég hlustaði lítið sem ekki á þetta erindi Halldórs Blöndals, en stilliáhrif til ákveðinna draumsambanda mun það hafa haft eigi að síður, og er hér um merkilegt athugunarefni að ræða.

Þegar mikill fjöldi fólks hlustar með athygli á eitthvert áhrifamikið efni í sjónvarpi eða útvarpi, þá mun algengt vera að sterkt aflsvæði myndist, aflsvæði hlustenda. Og þetta aflsvæði stillir til ákveðinna sambanda. Draumsambönd verða þá til staða, þar sem líkt hagar til, eins og áhugi fjöldans hafði beinst að kvöldið áður.

Mjög væri fróðlegt fyrir hvern og einn, að taka eftir draumum sínum með hliðsjón af þeim stilliáhrifum sem hugsanlega hafa áhrif á þá eða hvers eðlis þeir eru.

Ingvar Agnarsson.

(Dreymt 13. maí 1980).

Draumur um landslag og jarðmyndun


I.

Mig dreymdi að ég stóð einhvers staðar í mikilli hæð, og sá yfir svipmikið landslag. Hjá mér voru nokkrir ungir menn, og mér fannst ég vera ungur, en þó e. t. v. nokkru eldri en þeir.

Ég sá yfir allbreiðan fjörð og fjöll beggja megin við hann. Þetta voru eins og hálendisbungur en tindóttir fjallgarðar risu upp hér og þar. Eyja ein var á miðjum firði.

Ég var að reyna að gera mér grein fyrir myndunarsögu þessa landslags, og ég þóttist glöggst skilja meginatriðin í þeirri sögu. Ég þóttist víska mér að ungu mönnunum, sem hjá mér voru og fara að útskýra fyrir þeim hvernig þetta landslag hefði orðið til. Ég þóttist tala til þeirra á þessa leið:

„Sjáið þetta landslag. Hér hafa orðið mikil átök og umbrot. Landið hefur lyft upp og fellingafjöll myndast. Þið sjáið tindóttu fjallgarðana, sem liggja í samhliða röðum á nokkrum stöðum. Þar



Aldrei mun vera hægt að teikna mynd eftir draumsýn, svo að rétt sé farið með öll atriði, en heildarsvip þess, sem í draumi var séð, ætti að vera hægt að koma á blað. Þannig tel ég að sé í þessu tilviki.

hafa jarðlög risið upp á rönd. Eyjan á miðjum firði er t. d. einn hluti fellingafjallanna beggja megin fjarðarins. Langur tími er liðinn, síðan þetta gerðist, og mikil landeyðing hefur orðið. Þið sjáið hve fjöllin eru tindótt. Það er vegna veðrunar á löngum tíma. Fjörðurinn hefur líklega myndast við landsig.“

Mér þótti ungu mennirnir hlusta með athygli á þessar skýringar mínar.

II.

Þessi draumur var allskýr. Draumgjafi minn hefur staðið hátt, líklega á einhverju fjalli fyrir botni fjarðarins, og hann hefur reynt að gera sér grein fyrir jarðfræðilegri myndunarsögu þessa landsvæðis. Vera má að þetta landslag sé á öðrum hnetti, þótt eins kunni það að vera á okkar jörð. A. m. k. má fullvíst telja, að einhvers staðar sé það til. Draumar skapast ekki af einni saman heilastarfsemi okkar, þegar við sofum. Þeir munu ávallt skapast fyrir aðsenda geislan frá einhverjum vakandi manni, nær eða fjær.

Sumir draumar geta verið býsna fróðlegir. Þá er eins og við séum að skoða fjarlæga hluta tilverunnar. Jafnvel líf og landslag á öðrum hnöttum.

Ef betur hagaði til, gætu draumar verið merkileg fróðleiksuppspretta um lífið annars staðar í þessum mikla heimi, sem við öll lífum og hrærumst í, og góð draumasambönd gætu auk þess orðið okkur til styrktar og eflingar langt umfram það sem enn er.

Ingvar Agnarsson.

(Dreymt 15. maí 1980).

TIL LESENDA LÍFGEISLA

Um leið og út kemur 26. hefti þessa rits, sem er upphaf sjötta árgangs, óskum við öllum lesendum þess farsældar og góðs gengis á yfirstandandi ári og þökkum ánægjuleg samskipti á liðnum árum.

Eins og stundum áður, óskum við eftir, að lesendur sendi okkur efni til birtingar. Það gæti verið margskonar efni um drauma, fyrirbæri hverskonar, hugleiðingar um lífið og tilveruna og í rauninni um allt það, er nálgast það efni, sem ritinu er ætlað að flytja. En því er ætlað að vera í samræmi við þann heimsskilning, sem dr. Helgi Pjeturss er upphafsmaður að.

Áríðandi er að efni til birtingar berist frá sem flestum, svo innihald ritsins verði sem fjölbreytilegast og þar með áhuga-verðara.

Við óskum einnig eftir, að lesendur afli ritinu nýrra áskrifenda, því á fjölda áskrifenda byggist fjárhagsafkoma ritsins og þar með möguleikar til áframhaldandi útkomu þess.

Almenn verðlagsþróun í landi okkar hefur því miður orðið sú, að ófyrirsjáanlegar hækkanir hafa orðið á öllum hlutum. Kemur það ekki síst niður á pappír og prentun, og þar með á útkomu alls ritads máls. Slík þróun sneiðir heldur ekki fram hjá Lífgeislum.

Við erum því tilneyddir að hækka verð á ritinu og hefur verð þessa árgangs verið ákveðið *kr.* 5.000,00 og gert ráð fyrir útkomu 5 hefta, eins og undanfarin ár. Við vonum, að þessi hækkun verði ekki til þess, að neinir þurfi að hætta áskrift þess vegna. En ef einhverjir eru, sem litlar tekjur hafa eða engar, þætti okkur vænt um, ef þeir létu okkur vita, og munum við þá senda þeim ritið ókeypis.

Ef um bústaðaskipti er að ræða, látið okkur þá vita, svo ritið geti komist til skila.

Með bestu kveðjum.

*F. b. ritstjórnar,
Ingvar Agnarsson.*

Utánáskrift: LÍFGEISLAR, Pósthólf 1159, Reykjavík.

BÆKUR OG TÍMARIT

DRAUMAR OG SVEFN, eftir Þorstein Jónsson á Úlfsstöðum. Útg. 1975. 84 síður. Verð kr. 1200.

TIL PÍN. Ljóðabók eftir Þorstein Jónsson, 136 s. Verð kr. 3000.

GUÐIRNIR Á SÍRÍUSI. Vitranasaga eftir K. O. Schmidt, í þýðingu Þorsteins Guðjónssonar. Útg. 1978. 98 síður. Verð kr. 2500.

LÍF ER Á ÖÐRUM STJÖRNUM, eftir Þorstein Guðjónsson. Útg. 1973. Kenning Dr. Helga Pjeturss í ljósi nýrra staðreynda. 70 s. Verð kr. 1000.

ASTROBIOLOGY, The Science of the Universe, eftir Þorstein Guðjónsson. Útg. 1976. 208 síður. Verð kr. 3000.

MÁLÞING ÍSLENDINGA, um fyrsta heimspekinginn og framhald lífsins, eftir Þorstein Guðjónsson. Útg. 1979. 208 síður. Áskriftarverð kr. 6500 í bandi, í pappírskilju kr. 5000.

Til sölu er einnig:

LEBENSMEISTERUNG DURCH PSYCHODYNAMIK — bók um það að ná tökum á lífsafli sínu, sjálfum sér og öðrum til framfara. Bókin er á þýzku máli, og er eftir A. R. Walther, arftaka K. O. Schmidts, sem heldur áfram verki hans að honum látnum. Frá forlagi AT í Sviss. Verð 27.00 svissneskir frankar, sem umreiknast í krónur á söludegi.

NEUES DENKEN, tímarit, sem er tengiliður hreyfingar um málefni K. O. Schmidts í Þýzkalandi og víðar. Ársáskrift DM 24.00. Ritstjóri A. R. Walther.

Þöntunum um ofanskráð rit veitt viðtaka í s. 41006 eða í *Pósthólf 722, Reykjavík.*

FÉLAG NÝALSSINNA, Pósthólf 1159, Rvík, sími 40765.

LÍFGEISLAÚTGÁFAN, Pósthólf 722, Rvík, sími 41006.

Lífgeislar

Útgefandi: FÉLAG NÝALSSINNA

Alfhólsvegi 121, Kópavogi, sími 40765, Pósthólf 1159, Reykjavík

Ritstjóri: INGVAR AGNARSSON

EFNISYFIRLIT:

ERINDI OG GREINAR:

Jarðstjarnan Plútó. (Sjá forsíðumynd). I. A.	Bls. 2
Stilliáhrif á vegum fyrirburðafræðinnar. P. G.	— 3
Fjarskyggni. P. G.	— 7
Er öll hugsun myndræn? I. A.	— 8
Lítill athugun — ólíkleg spá. Þ. J.	— 12
Mannlegt líf gagnvart ásýnd dauðans	— 14
Erindi Arnórs Hannibalssonar.	
Umræður að loknu erindi Arnórs Hannibalssonar. P. G.	
Eftirmáli erindis og umræðna. P. G.	
Sorgarmerki dýranna. H. P.	— 25
Undarlegt lögmál. G. H.	— 26

LJÓÐ:

Ráðagerð hugsýkinnar. Brynj. Jónss.	— 27
--	------

DRAUMAR:

Hin miklu tré. — Draumur. I. A.	— 28
Svarta herskipið og hinir þjóðhollu (mynd). I. A.	— 30
Draumur um landslag og jarðmyndun (mynd). I. A. ...	— 32
Til lesenda Lífgeisla. I. A.	— 34
Auglýsing um bækur og tímarit	— 35